

Ed. 603. Frumvarp til laga [284. mál]
um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

Flm.: Albert Guðmundsson, Axel Jónsson.

1. gr.

Vesturmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur á Seltjarnarnesi skulu ákveðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

1. Bein lína úr punkti 77 í stórstraumsfjöruborði við Eiði í punkt 70.
2. Þaðan bein lína í punkt 73.
3. Þaðan bein lína í punkt 75.
4. Þaðan bein lína í punkt 93.
5. Þaðan bein lína í punkt 78 í stórstraumsfjöruborði við Faxaskjól.

2. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

3. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða kunna þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Reykjavík, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem til Seltjarnarneskaupstaðar fellur með lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samningi frá 20. febrúar 1976 milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar, sbr. fskj., voru gerðar breytingar á lögsögumörkum, sem fela í aðalatriðum í sér, að um 40 þús. fermetrum af landi Reykjavíkur við vesturmörk borgarinnar verður afsalað til eignar og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, en eyjarnar Engey, Viðey og Akurey, sem verið hafa í lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, verða lagðar undir lögsögu Reykjavíkur. Aðilar voru ásáttir um breytingar þessar miðað við forsendur að skipulagsvinnu á Eiðsgrandasvæðinu svo og landfræðilega legu eyjanna þriggja.

Með frumvarpi þessu er leitað staðfestingar Alþingis á ofangreindum samningsákvæðum að því er tekur til breytinga á lögsögumörkum, sbr. 8. gr. samningsins á fskj.

Einstakar greinar frv. þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar gera með sér eftirfarandi samning um breytingu á lögsögumörkum o. fl.

1. gr.

Reykjavíkurborg afsalar til Seltjarnarneskaupstaðar um 40 000 ferm. landi innan svæðis merktu A—B—C á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 10. þ.m. Þar af eru um 17 900 ferm. norðan Suðurbrautar og vestan Nesvegjar, um 8400 ferm. í vegstæðum og um 14 000 ferm. austan Nesvegjar og sunnan Suðurbrautar, en mörk þess landsvæðis (lína A — C) verða nánar ákveðin síðar í samræmi við skipulag á Eiðsgrandasvæðinu. Tekið er fram, að samningurinn er gerður með hliðsjón af framangreindum uppdrætti. enda þótt mælingar og stærðarákvarðanir séu ekki nákvæmar — og aðilar taka áhættu samkvæmt því, hvor að sínu leyti.

2. gr.

Seltjarnarneskaupstaður mun fá lögsögu yfir landi sem afsalað er samkv. 1. gr. samningsins.

3. gr.

Á framangreindu landi standa eftirtalin hús:

Eiði;	skv. erfðafestusamningi frá 14. sept. 1942.
Eiði II;	byggt án levfis, en með takmörkuðum réttindum til 1. maí 1990.
Vindás;	hafði takmörkuð réttindi til 18. apríl 1973.
Minni-Bakki;	hefur takmörkuð réttindi til 26. sept. 1988.
Baldursheimar;	hefur ekki lóðarréttindi.
Hæðarendi;	3 hús án lóðarréttinda.

Seltjarnarneskaupstaður tekur að sér allar kvaðir um uppgjör við eigendur ofangreindra húseigna svo og kaup á mannvirkjum, ef þau þarf að fjarlægja af skipulagsástæðum. Mun kaupstaðurinn í þessu sambandi tryggja, að eigendur mannvirkja og erfðafestuhafar fái sambærileg kjör og Reykjavíkurborg myndi þá hafa höðið.

Krafa um endurgjald fyrir hús í eigu borgarsjóðs Reykjavíkur verður ekki gerð. Borgarsjóður mun rýma hús í sinni eigu innan eins árs eftir að ósk um það kemur frá Seltjarnarneskaupstað.

Seltjarnarneskaupstað er kunnugt um, að erfðafestuhafi að Eiði hefur óskað eftir að hlúka uppgjóri á erfðafestunni, áður en formleg breyting verður gerð á lögsögumörkum. Fulltrúar borgarinnar munu annast uppgjórið með hliðsjón af venjum,

sem skapast hafa um uppgjör á erfðafestulöndum í borginni, en bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar tekur að sér allar fjárskuldbindingar í sambandi við uppgjórið, þ. á m. varðandi gatnagerðargjald, ef til lóðaúthlutunar kemur í uppgjörinu. Um samningsgerð við erfðafestuhafann verður haft samráð við fulltrúa kaupstaðarins.

Í landi Eiðis stendur spennistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Verður hún lögð niður og hús fjarlæggt eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar, þegar Seltjarnarneskaupstaður óskar.

4. gr.

Seltjarnarneskaupstaður tekur við öllum skuldbindingum sveitarfélags, þ. á m. framfærsluskyldum, við þá íbúa Reykjavíkur, sem samkvæmt samningi þessum munu flytja lögheimili sitt í Seltjarnarneskaupstað. Gildir þetta frá þeim tíma, er lögsögubreyting hefur hlotið formlega staðfestingu, sbr. 8. gr.

5. gr.

Á landssvæði í Seltjarnarneskaupstað norðan Nesvegjar og að Eiðsgranda er fyrirhugað að reisa íbúðabyggð. Seltjarnarneskaupstaður mun ákveða skipulag svæðisins þannig, að byggingar verði ekki hærri en 1—3 hæðir og meðalhæð húsa ekki yfir 2 hæðir. Verði nauðsynlegt af skipulagsástæðum að hnika til lögsögu-mörkum á þessu svæði munu samningsaðilar beita sér fyrir lausn á því.

6. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey, sem nú eru innan lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, verða í lögsögu Reykjavíkur.

7. gr.

Seltjarnarneskaupstaður afsalar borgarsjóði til kvaðalausrar eignar og án endurgjalds skólahúsi Seltjarnarneshrepps hins forna í Viðey ásamt tilheyrandi lóð að stærð um 600—700 ferm.

8. gr.

Í framhaldi af samningi þessum og þegar mörk skv. 1. gr. hafa endanlega verið ákveðin munu aðilar sameiginlega óska eftir staðfestingu Alþingis á breytingu á lögsögumörkum. Þá verða einnig gefin út afsöl í samræmi við ákvæði 1. og 7. gr. samningsins.

9. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 20. febrúar 1976.

F. h. Borgarstjórnar Reykjavíkur,
Birgir Ísl. Gunnarsson.

F. h. Bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar,
Sigurgeir Sigurðsson.

Vottar:

Albert Guðmundsson.
Karl B. Guðmundsson.